

ÍSLENSKIR FJÁRFESTAR HF.

STEFNA UM RÁÐSTAFANIR GEGN HAGSMUNAÁREKSTRUM

SAMÞYKKT Í MARS 2016

STEFNA ÍSLENSKRA FJÁRFESTA HF. UM RÁÐSTAFANIR GEGN HAGSMUNAÁREKSTRUM

MARS 2016

I. Almenn

Stefna þessi er sett á grundvelli 20. gr. reglugerðar nr. 995/2007, um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja, sbr. 8. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti(vl).

Markmið fyrirtækisins með stefnunni er að tryggja að meðhöndlun á hættu á hagsmunaárekstrum verði með þeim hætti að komið verði í veg fyrir að hagsmunir viðskiptavina geti skaðast.

Stefnunni er ætlað að koma í veg fyrir hugsanlega hagsmunaárekstra á milli Íslenskra fjárfesta hf. og viðskiptavina þess eða viðskiptavina fyrirtækisins innbyrðis.

II. Gildissvið

Stefna þessi gildir bæði um fyrrum og núverandi viðskiptavini Íslenskra fjárfesta hf.

Hún tekur til fyrirtækisins sjálfs og starfsmanna þess annars vegar og viðskiptavina fyrirtækisins hins vegar. Einnig tekur stefnan til viðskiptavina fyrirtækisins innbyrðis.

Við túlkun á stefnunni skal taka tillit til stærðar og skipulags Íslenskra fjárfesta hf., eðlis og umfangs starfseminnar og gildandi starfsleyfis.

Með **starfsmanni** er átt við starfsmann Íslenskra fjárfesta hf. og þá einstaklinga sem starfa undir stjórn fyrirtækisins eða á þess vegum er veita þjónustu varðandi verðbréfavíðskipti. Einnig falla hér undir þeir einstaklingar er veita fyrirtækinu þjónustu á sviði verðbréfavíðskipta. Þá tekur hugtakið til stjórnarmanna félagsins.

Með **hagsmunaárekstrum** er átt við atvik sem hugsanlega geta skaðað fjárhagslega hagsmuni viðskiptavina Íslenskra fjárfesta hf.

III. Greining hagsmunaárekstra

Starfsemi Íslenskra fjárfesta hf. getur hugsanlega skapað hagsmunaárekstra. Til dæmis með því að fyrirtækið á víðskipti með fjármálagerninga, fyrir eigin reikning (í skilningi 3. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki) eða reikning viðskiptavina, sem takmarkað framboð er af, á sama tíma og aðrir víðskiptavinir óska eftir að kaupa eða selja sömu fjármálagerninga.

Íslenskir fjárfestar hf. kunna að eiga hluti í félagi, sem það veitir fjárfestingarráðgjöf um til víðskiptavina, eða sem fyrirtækið miðlar hlutabréfum í fyrir aðra víðskiptavini. Starfsmaður Íslenskra fjárfesta hf. eða aðili sem beint eða óbeint er tengdur fyrirtækinu kann að hafa fjárhagslegra hagsmuna að gæta af niðurstöðu þjónustu sem víðskiptavini er veitt, eða af niðurstöðu víðskipta sem gerð eru fyrir hönd víðskiptavinar.

Mögulegt er að um eigin víðskipti starfsmanna sé að ræða. Um slík víðskipti gilda sérstakar reglur innan fyrirtækisins. Þá kann að vera að hagsmunir víðskiptavina fari ekki saman.

Við greiningu hagsmunaárekstra skal m.a. meta hvort starfsmaður eða annar sem stefnan tekur til:

- ✓ geti haft hagsmuni af því að hygla einum víðskiptavini á kostnað annars

- ✓ geti haft aðra hagsmuni af útkomu viðskiptanna en viðskiptavinurinn
- ✓ stundi sömu starfsemi og viðskiptavinurinn
- ✓ fái greiðslur í formi þóknunar frá öðrum en viðskiptavini í tengslum við viðkomandi verkefni

IV. Meðhöndlun hagsmunaárekstra

Ef til hagsmunaárekstra kemur munu Íslenskir fjárfestar hf. upplýsa viðkomandi viðskiptamann um þá þannig að viðskiptavinurinn geti tekið upplýsta ákvörðun um áframhald viðkomandi viðskipta og gera þær ráðstafanir sem raunhæfar kunna að teljast til þess að tryggja að viðskiptavinurinn hljóti ekki skaða af slíkum hagsmunaárekstrum.

Gögn um þjónustu og viðbrögð af hálfu Íslenskra fjárfesta hf. eru varðveitt ef til hagsmunaárekstra hefur komið.

V. Upplýsingagjöf

Íslenskir fjárfestar hf. skulu veita viðskiptavinum upplýsingar með skýrum og ótvíræðum hætti um eðli og orsök hugsanlegra hagsmunaárekstra áður en til viðskipta milli aðila er stofnað. Fyrirtækið skal senda viðskiptavini skriflega tilkynningu og leita samþykkis hans fyrir því að það haldi áfram að veita tiltekna þjónustu þrátt fyrir slíka hugsanlega hagsmunaárekstra.

Íslenskir fjárfestar hf. skrá og geyma upplýsingar um þjónustu sem veitt er og þau atvik sem ollið gætu hagsmunaárekstrum. Á það bæði við atvik sem tilkynnt hafa verið viðskiptavini og önnur atvik. Skrá skal nafn viðskiptavinar og viðskiptin sem um ræðir.

VI. Verklagsreglur um meðferð hagsmunaárekstra

Íslenskir fjárfestar hf. hafa sett sér eftirfarandi innri reglur til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra:

- ✓ Starfsreglur stjórnar, sem hafa að geyma reglur um hæfi stjórnarmanna, fyrirgreiðslu til aðila sem eru venslaðir stjórnarmönnum og þátttöku stjórnarmanna í stjórnnum dóttur- og hlutdeildarféлага Íslenskra fjárfesta hf.
- ✓ Eftirlits og verklagsreglur er fjalla um verðbréfaviðskipti starfsmanna, reglur um þátttöku starfsmanna í stjórnnum og atvinnurekstri, almennar starfsreglur og innri verklagsreglur um reglulega starfsemi og þjónustu við viðskiptavini.
- ✓ Reglur um bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla.

VII. Eftirlit með framkvæmd þessarar stefnu

Regluvörður Íslenskra fjárfesta hf. annast eftirlit með framkvæmd stefnu þessarar og skulu viðskiptavinir eiga þess kost að beina athugasemdum til regluvarðar telji þeir að starfsmaður hafi brotið gegn stefnu þessari.

Regluvörður skal hafa eftirlit með að innra skipulag, reglur, verkferlar og hliðstæðir þættir innan fyrirtækisins séu til staðar og í samræmi við stefnu þessa og reglur félagsins.

VIII. Endurskoðun

Stefna þessi skal endurskoðuð reglulega, skilvirkni hennar metin. Ef breytingar verða á lögum eða öðrum réttarheimildum skal breyta henni eftir því sem við á hverju sinni.

Viðskiptavinir skulu upplýstir um efnislegar breytingar á stefnunni.

IX. Gildistaka

Stefna þessi öðlast gildi 22. mars 2016 með undirritun stjórnar Íslenskra fjárfesta hf.

Stjórn Íslenskra fjárfesta hf.

Julius Robur
Ragnar Halldórsson
Karl Jeppesen